

Mánudaginn 31. maí 1926.

Nr. 12/1926.

**Eiríkur Stefánsson og Ögm.
Guðmundsson**
gegn
**Eiríki Einarssyni f. h. Útbús
Landsbankans, Selfossi.**

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Eiríkur Stefánsson og Ögmundur Guðmundsson, sem ekki mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 7. júní 1926.

40/1926.

Valdstjórnin (Lárus Jóhannesson)
gegn

Jóni Jónssyni (Pjetur Magnússon).

Spurning um brot á l. nr. 40/1923 og l. nr. 47/1901.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 9. febr. 1926:
Kærður Jón Jónsson formaður Blóma- og trjáræktarfélags Ísa-
fjarðar á að vera sýkn í málinu. Málskostnaður greiðist af al-
mannafje.

Dómur hæstarjettar.

Það er upplýst í málinu að Blóm- og trjárækt-
arfélag Ísafjarðar, er kærði er formaður fyrir, hefir
það markmið að glæða áhuga manna á trjá- og
blómrækt og vinnur fjelagið að því markmiði með
því að halda uppi gróðrarstöð á Ísafirði. Það er
ennfremur upplýst að ágóðinn af skemtun þeirri, er

fjelagið hjelt 2. janúar s. l., átti allur að ganga til greiðslu á skuld, er fjelagið hafði bakað sjer með framkvæmdum samkv. þessum tilgangi sínum. — Skemtun þessi var haldin til styrktar málefni, er miðar að almenningshéill, og var hún því undanþegin skemtanskatti samkv. l. nr. 40, 20. júní 1923, 3. gr. b. Kærði hefir því eigi brotið lög þó hann greiddi eigi skatt af skemtun þessari. Með því enn fremur að skemtun þessi var auglýst sem innanfjellagsskemtun og ekki er sannað að öðrum utanfjellagsmönnum hafi verið leyfður aðgangur að henni en þeim, er jafnframt lofuðu að gerast fjellagsmenn, þá verður skemtunin eigi talin haldin fyrir almenning eða almenn skemtun sbr. l. nr. 40, 1923, og l. nr. 47, 20. des. 1901, 9. gr. og verður kærði því hvorki talinn hafa gerst brotlegur gegn síðastnefndri lagagrein nje gegn 4. gr. l. nr. 40, 1923. Samkv. þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og sýkna kærða af kröfum valdsstjórnarinnar í máli þessu. Allan kostnað af áfrýjun málsins ber að greiða af almannaþje, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Pjeturs Magnússonar, 60 kr. til hvors, skal greiða af almannaþje.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir lögrelurjettinum gegn kærðum Jóni Jónssyni, formanni Blóm- og trjáræktarfélags Ísafjarðar, fyrir brot á lögum nr. 40, 1923 og lögum nr. 47, 1901, til greiðslu sækta, skemtunarskatts og málskostnaðar.

Atvik og tildrög málsins eru þannig.

Langardaginn 2. jan. þ. á. hjelt greint fjelag skemtun í kjallaranum undir kvikmyndahúsinu hjer í bænum með upplestri, ræðum og dans á eftir. Skemtunin var áður auglýst á götunum sem innanfjelagsskemtun, en aðgang að henni fengu fjelagsmenn gegn því að greiða 1 kr. en þeir sem eigi voru fjelagsmenn áður gátu orðið það við innganginn með því að greiða 1 kr. í innritunargjald, fengu þá fjelagsskírteini er þeir notuðu fyrir aðgöngumiða. Innritun þessi fór þannig fram að tveir menn rituðu á skrá nöfn þeirra manna er báðu um aðgang, fengu fjelagsskírteini gegn áðurgreindu gjaldi og notuðu það sem aðgöngumiða. Fengu 35 menn aðgang að skemtuninni á þenna hátt, einn þeirra neitaði að verða fjelagsmaður en fjekk samt fjelagsskírteini.

Þá er það upplýst í málinu að samkvæmt lögum fjelagsins geta menn eigi orðið fjelagsmenn nema á fundi, en um það gat hjer eigi verið að ræða þar eð menn fengu innritunarskírteini við innganginn á skemtunina. Það verður því að líta svo á að umgetnir 35 menn sju ólöglega teknir í fjelagið í því skyni að afla því tekna.

En með tilliti til þess að skemtunin var auglýst innanfjelagsskemtun og einnig eitt vitni upplýst að það hafi ætlað á skemtunina en hætt við það fyrir þá sök að því var tjáð að skemtunin væri einungis fyrir fjelagsmenn, virðist hjer eigi um almenna skemtun að ræða, er riði í bága við lög nr. 40, 1923, 1. gr. nje 4. gr. laganna með því hana virðist eiga að skýra í sambandi við 1. gr. — Með því nú að lög nr. 47, 1901 banna einungis almennar skemtunar sbr. 9. gr. virðist hjer heldur eigi um brot á þessum lögum að ræða. Það ber því að sýkna kærðan í máli þessu og greiða málskostnað af almannaþje.